

Íslensk málstefna á öllum sviðum Málþingaröð Íslenskrar málnefndar

[Íslensk málnefnd](#) vinnur nú að því að semja drög að [Íslenskri málstefnu](#) fyrir [menntamálaráðuneyti](#). Þetta er í fyrsta sinn sem slík stefna er mótuð með formlegum hætti hér á landi. Málnefndin hefur unnið að þessu verkefni í eitt ár og kynnti fyrstu skrefin á árlegu málrættarþingi sínu í nóvember sl. Nefndin vill vanda sem best til verksins og ná sem mestri samstöðu um málstefnuna áður en hún verður kynnt opinberlega síðar á þessu ári. Til þess að svo megi verða hyggst hún boða til ellefu stuttra málþinga. Markmiðið með málþingunum er að efna til umræðu um mismunandi svið málstefnunnar og kalla fram sjónarmið hlutaðeigandi hópa.

[Menntamálaráðherra](#), Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, [setti málþinga-röðina](#) í lok janúar sl. og hafa þegar verið haldin fjögur vel heppnuð málþing þar sem fjallað var um lagalega stöðu íslenskunnar, móðurmálskennslu, íslensku í vísindum og fræðum og nú síðast um tungutækni. Eftirfarandi málþing eru næst á dagskrá:

- » Íslenska í listum. Í samvinnu við Rithöfundasamband Íslands og Bandalag íslenskra listamanna. (14. mars)
- » Íslenska í fjölmiðlum. Í samvinnu við Blaðamannafélag Íslands. (4. apríl)
- » Íslenska í háskólum. Í samvinnu við Háskólann á Akureyri. (11. apríl á Akureyri)
- » Íslenska erlendis. Í samvinnu við Bókmenntasjóð. (18. apríl)
- » Íslenska sem annað mál. Í samvinnu við Alþjóðahúsið. (28. apríl)
- » Íslenska í þýðingum. Í samvinnu við Bandalag þýðenda og túlka. (9. maí)
- » Íslenska í viðskiptalífnum. Í samvinnu við Viðskiptaráð. (dagsetning auglýst síðar)

Tjáð og túlkað með íslenskum orðum

Á morgun, föstudaginn 14. mars, verður haldið málþing um stöðu íslenskunnar í bókmenntum og listum á vegum Íslenskrar málnefndar, [Rithöfundasambands Íslands](#) og [Bandalags íslenskra listamanna](#). Málþingið verður haldið í Gunnarshúsi, Dyngjuvegi 8 kl. 14–17 og er öllum opið.

Þórarinn Eldjárn, varaformaður Íslenskrar málnefndar, setur þingið en frummælendur verða Hilmar Oddsson kvikmyndaleikstjóri og rithöfundarnir Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Sigurður Pálsson og Þórunn Erlu Valdimarsdóttir. Fundarstjóri verður Pétur Gunnarsson, formaður Rithöfundasambands Íslands. Stuttar fyrirspurnir verða að loknu hverju erindi en almennar umræður í lokin.

Á málþingingu verður meðal annars fjallað um eftirfarandi spurningar:

- » Er það málrækt út af fyrir sig að fást við skáldskap á íslensku?
- » Er málvöndun andstæð nýsköpun í bókmenntum?
- » Er íslenskur bókmenntaarfur aðgengilegur nýjum lesendum?
- » Hversu mikilvægt er það að efla íslenska kvikmyndagerð og leikið innlent efni í sjónvarpi?
- » Hvers vegna eru ensk nöfn kvikmynda ekki lengur þýdd á íslensku?
- » Hvers vegna bera æ fleiri listviðburðir á Íslandi ensk heiti fremur en íslensk?
- » Er Þjóðleikhúsið musteri íslenskrar tungu?
- » Er íslenskan að hverfa úr dægurlagatextum?

Menntamálaráðherra heimsækir Landbúnaðar- háskóla Íslands á Hvanneyri

Í tilefni af því að [Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri](#) heyrir nú undir stjórnslusvið [menntamálaráðuneytis](#) fór menntamálaráðherra, [Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir](#), samt fylgdarliði í opinbera heimsókn til Hvanneyrar þann 6. mars sl. Þar kynnti ráðherra sér meðal annars starfsemi og aðstöðu háskólans.



Á myndinni má sjá menntamálaráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, með glæsilegan blómvönd frá Garðyrkjuháskólanum á Reykjum. Við hlið hennar stendur Ágúst Sigurðsson, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri.

Þjónustusamningur um hönnunarmiðstöð

[Þjónustusamningur](#) um rekstur hönnunarmiðstöðvar var undirritaður þann 7. mars sl. af [menntamálaráðherra](#), [iðnaðarráðherra](#) og níu aðildarfélögum að [Hönnunarmiðstöð Íslands](#) ehf. Ráðuneytin leggja alls 20 millj. kr. til reksturs miðstöðvarinnar á ári næstu þrjú ár.

Níu félög hönnuða og arkitekta hafa sameinað krafta sína og stofnað einkahlutafélagið Hönnunarmiðstöð Íslands ehf. Tilgangur þess er að reka hönnunarmiðstöð sem hafi það hlutverk „að vekja áhuga og auka skilning á mikilvægi góðrar hönnunar og arkitektúrs fyrir menningar- og efnahagslífið svo og þjóðfélagið allt“.

Á undanförmum árum hefur hvers kyns hönnun vaxið fiskur um hrygg. Framboð á námi á framhaldsskóla- og háskólastigi á án efa stóran þátt í að efla þennan geira og margt ungt fólk hefur sótt sér framhaldsmenntun erlendis. Hönnun og arkitektúr eru vaxandi atvinnugreinar hér á landi sem víða erlendis. Með stuðningi [iðnaðarráðuneytis](#) hefur um tæplega þriggja ára skeið verið starfrækt sérstakt verkefni, [Hönnunarvettvangur](#), til að stuðla að eflingu á íslenskri hönnun og vinna að undirbúningi stofnunar hönnunarmiðstöðvar á Íslandi. Verkefninu lauk um síðustu áramót. Hönnunarmiðstöðin tekur nú við boltanum og nýtur til þess stuðnings ráðuneytanna tveggja.

Listaverk frá Jakútiu

Þann 5. mars sl. afhenti listakonan Alexandra Kjuregejev Argunova [menntamálaráðherra](#) að gjöf listaverk eftir listamann frá Jakútu, Fjodor Markov, sem sýndi hér á landi sl. sumar. Jakúta er í austanverðri Síberíu og hluti af rússneska ríkjasambandinu.


Fjodor Markov er einn af þekktustu listamönnum Jakútiu og hefur unnið í ýmsa miðla í verkum sínum. Það verk sem hér um ræðir er skorið úr beini og sýnir þrjá mammúta á elgshorni. Hann óskaði eftir að gefa menntamálaráðherra listaverkið sem þakklætisvott til Íslendinga fyrir margvíslegan stuðning þeirra við Jakútiu í gegnum árin en í gegnum Alexöndru Kjuregejev hafa myndast tengsl á menningarsviðinu milli Íslands og þessa fjarlægga lands.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Alexandra Kjuregejev Argunova

Ráðherra þáði gjöfina með þökkum og sagði að verkinu yrði komið fyrir á góðum stað í ráðuneytinu. Alexandra Kjuregejev Argunova mun á næsta vori opna sérstaka menningarmiðstöð í Hvalfirði sem verður tileinkuð menningarsamskiptum Íslands og Jakútiu og þar verður m.a. gístaðstaða fyrir listamenn frá Jakútu sem koma í heimsókn til Íslands.

Nám að loknum grunnskóla 2008



í 10. bekk grunnskóla og hann má einnig nálgast á [vef ráðuneytisins](#).

[Menntamálaráðuneyti](#) hefur gefið út bæklinginn [Nám að loknum grunnskóla 2008](#). Um er að ræða upplýsingarit um skipulag náms á framhaldsskólastigi og námsframboð einstakra framhaldsskóla. Bæklingnum er dreift til nemenda

